

**649. fundur haldinn mánudaginn 8.september 2003 kl. 9:00
Strandgata 29, Skrifstofa Ferðamálaráðs á Akureyri**

Mætt:

Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Hlynur Jónsson, fulltrúi SAF
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Kristján Þór Júlíusson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélga
Dagur Eggertsson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Ársæll Harðarson, forstöðumaður markaðssviðs.
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

1. Fundargerð 648. fundar

Afgreiðsla: Samþykkt..

2. Staða og horfur í lok sumars

Ferðamálastjóri fór yfir ýmsa tölfræði um árangur í ferðaþjónustunni undanfarið og einnig ræddi hann um horfur næstu mánaða. Miklar umræður urðu um þessi mál. Margar spurningar voru lagðar fram um einstaka þætti í þróun undanfarinna mánaða og velt upp skýringum.

3. Næstu skref í könnunum

Forstöðumaður markaðssviðs lagði fram tillögur sem hann hafði unnið ásamt verkefnisstjóra kannanna.

Afgreiðsla: Samþykkt að stefna að því að taka upp aftur í byrjun næsta árs könnun meðal erlendra ferðamanna í Leifsstöð. Stefnit verði að innlendri símakönnun nú í nóvember, hliðstæðri og var gerð haustið 2000. Loks var samþykkt að unnið verði frekar úr upplýsingum frá okkar markaðssvæðum um þróun á einstökum mörkuðum.

4. Skrifstofa FMR í Kaupmannahöfn

Lögð fram tillaga að auglýsingu vegna starfs forstöðumanns skrifstofunnar.

Afgreiðsla: Tillagan samþykkt.

5. Ferðamálaráðstefnan 2003

Lögð fram tillaga að dagskrá ráðstefnunnar.

Afgreiðsla: Tillagan samþykkt.

6. Hvalveiðar

Formaður taldi nauðsynlegt að þessi mál yrðu rædd í ráðinu enda hefðu þau mikið verið rædd innan greinarinnar. Allir ráðsmenn tóku þátt í umræðunni og áherslur mismunandi. Engin tillaga kom fram í umræðunum um ályktun eða sérstaka samþykkt ráðsins um málið.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 11:45